

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæðlar. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, V:Vesturland, Vf:Vestfirðir, N.v:Norðurland vestra, N.ey:Norðurland eystra, Au:Austurland.

Fyrirhuguð útboð	Auglýst:	Opnað:
02-044 N.v. Siglufjarðarvegur (76), Gránugata - Tjarnargata á Siglufirði	03	
02-074 Vf. Vestfjarðavegur (60), ræsi í Ausuá í Dýrafirði	03	
02-014 Sl. Hringvegur (1), vega- og brúargerð við Skaftá	03	
02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu	03	
01-018 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, hönnun	03	
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	03	
02-091 Áætlunarakstur á Suðurlandi og hluta Austurlands 2003 - 2005	03	
02-019 Vi. Snæfellsnesvegur (54), um Kolgrafafjörð	02	
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
02-097 Sl. Bræðratunguvegur (359), um Galtalæk Nýtt á lista	16.12.02	13.01.03
02-078 Rn. Reykjanesbraut (41), breikkun Hvassahraun - Strandarheiði, eftirlit	25.11.02	06.01.03
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
02-026 Au. Norðausturvegur (85) Hölná – Miðheiðarhryggur	11.11.02	25.11.02
02-093 N.ey. Vegslóði að rannsóknarholum á vestursvæði við Kröflu	14.10.02	28.10.02
02-027 Au. Styrking og mölburður á Austurlandi 2002-2003	16.09.02	30.09.02
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
02-095 Au. Hringvegur (1) Jökulsá á Breiðamerkursandi, árbakkar <i>Nóntindur ehf., Búðardal</i>	11.11.02	15.11.02
02-078 Rn. Reykjanesbraut (41), breikkun Hvassahraun - Strandarheiði <i>Háfell ehf., Jarðvélar ehf., Eykt ehf.</i>	04.11.02	10.12.02

Niðurstöður útboða

Norðausturvegur (85)

Hölná - Miðheiðarhryggur 02-026

Opnun tilboða 25. nóvember 2002. Austurlandsumdæmi. Gerð Norðausturvegar á Sandvíkurheiði frá Hölná upp á Miðheiðarhrygg á 9,6 km löngum kafla, ásamt gerð Hafnarvegur um Hafnará í Bakkafirði á 0,4 km löngum kafla.

Helstu magntölur: fyllingar 72.000 m³, stálplöturæsi 90 m (3 stk), neðra burðarlag 45.000 m³, efra burðarlag 14.000 m³, klæðing 64.000 m².

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. september 2004.

nr.	Bjódandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5	Sandöx ehf., Kópaskeri	124.479.652	126,2	37.506
4	Stálsstjörnur ehf., Seyðisfirði	110.565.560	112,1	23.592
---	Áætlaður verktakakostnaður	98.600.000	100,0	11.626
3	Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	94.878.741	96,2	7.905
2	Árni Helgason, Ólafsfirði	89.032.880	90,3	2.059
1	Nóntindur ehf., Búðardal	86.973.690	88,2	0


Framhald af forsíðu

við að bjóða þau bæði út í einu lagi. Auk þess eru ákveðnir kostir taldir fylgja því að gera tvo verksamninga um þessi verkefni.

Reiknað er með að vinna við jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar geti hafist seint í apríl 2003, eftir yfirferð tilboða, samninga við verktaka og undirbúning á verkstað. Áætlað er að gangagröfturinn taki u.þ.b. eitt og hálf ár og honum ætti því að ljúka fyrir árslok 2004. Göngin verða síðan tilbúin um einu ári síðar, eða síðla árs 2005. Heildarkostnaður er áætlaður um 3,8 milljarðar á núverandi verðlagi.

Miðað er við að vinna við gerð jarðganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar hefjist árið 2004, um svipað leyti og gangagreftri lýkur fyrir austan. Vinna við bæði verkefni verður því í gangi samtímis árið 2005. Áætlað er að göngin milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar verði tilbúin árið 2008 og að heildarkostnaður verði um 6,8 milljarðar á núverandi verðlagi.

Gróf tímaáætlun jarðgangagerðar



Framkvæmdafréttir 39. tbl. /02



Haust í Suðursveit.

Auglýsingar útboða

Bræðratunguvegur (359), um Galtalæk 02-097

Vegagerðin, Suðurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í gerð nýbyggingar 1,2 km Bræðratunguvegar (359) sunnan Galtalækjar, sem og styrkingar og malarslitlög á safn- og tengivegi í nágrenninu.

Helstu magntölur eru: fyllingar 25.850 m³, fláafleygar 7.040 m³, neðra burðarlag, óunnið efni 13.200 m³, ræsi 78 m, girðingar 2.080 m, malarslitlag 8.120 m³, skurðir 400 m.

Verki skal að fullu lokið 1. september 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Selfossi og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 16. desember 2002. Verð útboðsgagna er kr. 3.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir klukkan 14:00 mánudaginn 13. janúar 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Útboð jarðganga

Eftir samþykkt ríkisstjórnarinnar hefur samgönguráðherra falið Vegagerðinni að bjóða út jarðgöng á Austurlandi og Norðurlandi nú í vetur. Ákveðið hefur verið að hafa útboðið í tvennu lagi, og verða útboðsgögn fyrir jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar send í næstu viku til þeirra verktaka sem valdir hafa verið til þátttöku eftir forval. Vinna við gögn vegna jarðganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar er langt komin og verða útboðsgögnin send verktökum í lok febrúar, eftir opnun tilboða í fyrri göngin. Reiknað er með að sama hagkvæmni af samlegðar-áhrifum beggja verkefnanna náist með þessari tilhögun, eins og

Framhald á baksíðu

Gledileg jól og farsælt komandi ár

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 39. tbl. 10. árg. nr. 322 16. des. 2002

Ritstjórn og umsjón útgáfu: **Viktor Arnar Ingólfsson** Ábyrgðarmaður: **Gunnar Gunnarsson** Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til: **Vegagerðin Framkvæmdafréttir Borgartúni 7 105 Reykjavík** (bréfsími 522 1109) eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttamni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.